

Nd.

589. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til laga um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Pótt allir nefndarmenn landbúnaðarnefndar Nd. standi sameinaðir að afgreiðslu frumvarps til laga um dýralækna telja undirritaðir nefndarmenn nauðsynlegt að vekja athygli á formgöllum og nánast óþinglegri afgreiðslu málsins í hendur nefndinni.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og því eðlilegt að ætla að það hefði verið afgreitt í ríkisstjórninni á formlegan hátt. Það kom nefndarmönnum hins vegar í opna skjöldu er þeim bárust margar blaðsíður af athugasemdum um frumvarpið frá nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði skipað. Þar er ekkert gert með frumvarpið og með óvenjulegu orðbragði, a. m. k. frá opinberum embættismönnum, er það skorið niður við trog, grein fyrir grein.

Pegar þessi afstaða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til frumvarpsins varð ljós vildu undirritaðir nefndarmenn vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi nefndarálit:

„Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur fengið til meðferðar frumvarp til laga um dýralækna. Nefndinni hafa borist umsagnir nokkurra aðila um málið, sem flestar eru jákvæðar. Það vekur hins vegar mikla athygli, að Svavar Gestsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur sent Pálma Jónssyni landbúnaðarráðherra viðamikla greinargerð með athugasemdum við frumvarpið. Þar kemur m. a. fram, að um síðustu áramót hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið fjórum mönnum, Ingimar Sigurðssyni deildarlögfræðingi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ingólfi Petersen deildarstjóra lyfjamáladeildar sama ráðuneytis, Hrafni V. Friðrikssyni yfirlækni og forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Sigurjóni Jónssyni yfirlyfjafræðingi, forstöðumanni Lyfjaeftirlits ríkisins, að gera athugasemdir við fyrrnefnt frumvarp. Þessar athugasemdir voru sendar landbúnaðarráðherra hinn 9. mars s. l., en þeim hafði verið komið á framfæri við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 29. janúar s. l. Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur fengið þessar athugasemdir frá landbúnaðarráðherra.

Höfundar þessara athugasemda finna frumvarpinu til laga um dýralækna flest til foráttu, og verður ekki önnur ályktun dregin en sú, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé nefndarmönnum sammála þar eð hann sendir landbúnaðarráðherra greinargerðina athugasemdalaust.

Í aðfaraorðum nefndarinnar segir orðrétt:

„Um s. l. áramót var okkur undirrituðum falið að gera athugasemdir við frumvarp til laga um dýralækna, sem litið hafði dagsins ljós þá fyrir skömmu í formi nefndarálits á vegum

landbúnaðarráðherra. Hljótum við að harma slík vinnubrögð þar sem frumvarp þetta er alfarið unnið á vegum þriggja manna nefndar hvar í átta sæti tveir dýralæknar. Engin samráð voru höfð við heilbrigðisyfirvöld þó að frumvarpið snerti veigamikla þætti heilbrigðismála, og má þar helsta nefna lyfjamál og heilbrigðiseftirlit. Skýtur þetta skökku við þegar haft er í huga að heilbrigðisráðuneytið hefur ávallt kappkostað að senda landbúnaðarráðuneytinu til umsagnar þau frumvörp og þær meiri háttar reglugerðir er koma inn á málefni dýralækna, og er þar skemmst frá að segja að mjólkurreglugerð var til meðferðar í landbúnaðarráðuneytinu í tæpt ár. Er unnið var að lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo dæmi sé tekið, var það sent til yfirdýralæknis svo og landbúnaðarráðuneytisins.

Það er skoðun okkar, að landbúnaðarráðherra hefði átt að senda heilbrigðisráðuneytinu frumvarp það, sem hér er til umfjöllunar, áður en það var sent í prentun. Slík vinnubrögð hljóta að teljast sjálfsgöð.

Áður en einstakar greinar verða teknar til efnismeðferðar viljum við benda á, og það er skoðun okkar, að dýralæknalög eigi eingöngu að fjalla um réttindi og skyldur dýralækna sem slíkra, sbr. læknalög um lækna, en síðan eigi að vera sérlög um dýralæknahéruð og þá þjónustu sem hið opinbera á að veita, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu og um læknishéruð. Verður því að líta á allar athugasemdir okkar óháðar þessu meginsjónarmiði, þar sem frumvarpið tekur yfir miklu fleiri þætti en réttindi og skyldur dýralækna.“

Af þessum aðfaraorðum má ljóst vera að grundvallarágreiðingur er á milli landbúnaðarráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um það frumvarp til laga um dýralækna, sem vísað hefur verið til landbúnaðarnefndar Nd. Þessi ágreiðingur gengur svo langt, að í athugasemdum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er látið að því liggja, að eitt atriði frumvarpsins standist ekki gagnvart stjórnarskrárákvæðum um handhafa framkvæmdavalds.

Þá er og bent á það, að í frumvarpinu sé fjallað um Tilraunastöð Háskólans að Keldum og landbúnaðarráðuneytið hyggist setja lög um þá stofnun sem fellur undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt sérlögum. Einnig sé í frumvarpinu fjallað um Lyfjaverslun ríkisins, sem a. m. k. enn falli algerlega undir fjármálaráðuneytið. — Almennt eru athugasemdirnar þannig orðaðar, að ágreiðingur ráðuneytanna blasir við í hverri setningu.

Af lestri athugasemdana er ljóst, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur að stór hluti þess frumvarps, sem landbúnaðarnefnd neðri deildar er nú að fjalla um, falli ekki undir landbúnaðarráðuneytið, heldur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Frumvarp til laga um dýralækna er stjórnarfrumvarp og er eðlilegt að ætla að um það hafi verið samkomulag í núverandi ríkisstjórn. Eins og nú standa sakir eru greinilega miklir formgallar á allri umfjöllun málsins og nánast óþinglegt að landbúnaðarnefnd Nd. haldi áfram umræðum um það. Af þessum ástæðum teljum við bæði eðlilegt og sjálfsagt að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til umfjöllunar og ákvörðunar. Munum við ekki taka þátt í frekari athugun og könnun nefndarinnar á málinu. Af ofangreindum ástæðum leggjum við til **að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**“

Öllum nefndarmönnum var ljóst að mikið lá við að frumvarp þetta fengi afgreiðslu á þessu þingi. Varð því að samkomulagi að formaður nefndarinnar reyndi að setta landbúnaðarráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á einhverja lausn málsins. Í allan þennan málarekstur fór mikill tími og mikil vinna og lauk honum með smíði fjölmargra breytingartillagna sem nefndin flytur nú við frumvarpið. Undirritaðir telja þetta vægast sagt óvenjulegar starfsaðferðir þegar þingnefnd verður að leysa ágreiðing ráðherra um stjórnarfrumvarp.

Margt fleira mætti um þessa makalausú málsmeðferð segja, en ugglaut gefst tækifæri til þess við umræður um málið.

Eins og áður er frá greint leggjum við til að frv. verði samþykkt með þeim brtt., sem nefndin í heild flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Árni Gunnarsson,
fundaskr., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Steinþór Gestsson.